



## 429. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti þriðjudaginn 25. október 2016. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson, Róbert Marshall, Haraldur Einarsson og Svandís Svavarsdóttir.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð, Lilja Jónasdóttir lögfræðingur og Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri þjóðgarðsins.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Valhallarstígur nyrðri nr. 7.

Málið rætt, formaður lagði fram minnisblað frá VSÓ ráðgjöf, dags. 24.10.2016.

Nefndin samþykkti samhljóða eftirfarandi:

Þingvallanefnd lýsir áhuga sínum á að nýta forkaupsrétt að Valhallarstíg nyrðri nr. 7.

Við skoðun málsins í framhaldi af síðasta fundi komu í ljós að annmarkar eru á málinu og álitamál sem kalla á frekari skoðun og þar með endurskoðun á fyrri afstöðu nefndarinnar. Vill nefndin vekja athygli forsætisráðuneytis á þessu.

Jafnframt leitar nefndin eftir afstöðu ráðuneytisins til fjármögnunar vegna nýtingar forkaupsréttarins.

2. Silfra.

Umræður um málefni Silfru.

3. Fjárhagsstaða þjóðgarðsins.

Gerð var grein fyrir rekstrarstöðu þjóðgarðsins.

4. Önnur mál.

Formaður þakkaði nefndarmönnum við lok kjörtímabilsins fyrir gott samstarf, sem og starfsmönnum þjóðgarðsins. Aðrir nefndarmenn þökkðu einnig samstarfið.

Lögð fram bréf frá Hjörleifi Guttormssyni og Pé-tri M. Jónassyni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10.